



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 11.3. '20

Úrskurður aganefndar 11. mars 2020

Eftirtalið mál lá fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Orri Freyr Þorkelsson leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Hauka í mfl. ka. þann 5.3.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a). Málinu var frestað um sólarhring með hliðsjón af 3. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Greinargerð barst frá Haukum vegna málsins.

Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptöku af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært af dómurum leiksins sem brot gegn reglu 8.6 a). Niðurstaða aganefndar er tveggja leikja bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Úrskurðurinn tekur gildi nú þegar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

